

## Skólaráð Áslandsskóla

**Föstudgur 26. október 2018 kl. 8:30 í fundarherbergi**

**Mættir:** Ágúst (nemendafulltrúar), Særós (grenndarfulltrúi), Steinbjörn(kennarafulltrúi), Guðrún Ben(kennarafulltrúi), Fannar Freyr(fulltrúi annars starfsfólks), Kristín Ólöf Grétarsdóttir(foreldrafulltrúi), Klara (foreldrafulltrúi) Leifur(skólastjóri), Unnur aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá:

1. Matarmál nemenda í Áslandsskóla  
Farið yfir núverandi stöðu, upplýst um tímasetningar og aðstöðu nemenda í hádegishléi. Rætt um að síðustu ár hafa borist 2-4 ábendingar um matarmál nemenda og upplýst að í kjölfarið hafi málið verið tekið upp í skólaráði og afgreitt þar.  
Skólastjóri upplýsti um ferlið frá því að bréf kom frá Umboðsmanni barna til dagsins í dag.
2. Umræður sem komu í kjölfarið frá fulltrúum skólans, nemenda og foreldra um hvort þyrfti að setja strangari reglur um hvað má koma með í nesti. Áhyggjur komu upp um að þróunin gæti orðið að fleiri vildu koma með nesti og það myndi skapa togstreitu ef nemendur sætu með pizza og fisk hlið við hlið. Einnig komu fram áhyggjur um að nemendur í mataráskrift sæktu ábótina sína og gæfu nemendum í nesti.
3. Bókun skólaráðs

*Í Skólaráði Áslandsskóla í morgun var bókað:*

*Hafnarfirði 26.10.2018*

*Skólaráð Áslandsskóla staðfestir með undirskrift sinni breytingar á skipulagi matarmála nemenda í Áslandsskóla. Frá og með deginum í dag geta nemendur setið saman í hádegishléi, hvort sem þeir eru í mataráskrift eða komi með nesti að heiman.*

*Gert á fundi skólaráðs Áslandsskóla í Hafnarfirði þann 26 / 10 2018*

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 8:55

Fundargerð ritaði aðstoðarskólastjóri.